# Nýútkomið í A-deild Stjórnartíðindanna.

*Lög um gæzlu og viðhald á brúm yfir Ölfusá og Þjórsá*, undirskrifuð af konungi 24. nóv. 1893 (A. nr. 32, bls. 142; þýðing á bls. 143).

*Lög um afnám athugasemdar um lögdagslegging í stefnum*, undirskrifuð af konungi 24. nóv. 1893 (A. nr. 33, bls. 144; þýðing á bls. 145).

*Lög um breyting á 1. gr. laga 27. febr. 1880 um skipun prestakalla*, undirskr. af konungi 24. nóv. 1893 (A. nr. 34, bls. 146; þýðing á bls. 147).

*Viðaukalög við lög 12. júlí 1878 um lausafjártíund*, undirskr. af konungi 24. nóv. 1893 (A. nr. 35, bls. 148; þýðing á bls. 149).

*Lög um breyting á 3. gr. í lögum 22. marz 1890 um löggiltar reglugjörðir sýslunefnda*, undirskr. af konungi 24. nóv. 1893 (A. nr. 36, bls. 150; þýðing á bls. 151).

*Lög um afnám köngsbœnadagsins sem helgidags*, undirskr. af konungi 24. nóv. 1893 (A. nr. 37, bls. 152; þýðing á bls. 153).

*Lög um að selja salt eptir vigt*, undirskr. af konungi 24. nóv. 1893 (A. nr. 38, bls. 154; þýðing á bls. 155).

*Lög um löggilding verzlunarstaðar að Hlaðsbót í Arnarfirði*, undirskr. af konungi 24. nóv. 1893 (A. nr. 39, bls. 156, þýðing á bls. 157).

*Lög um löggilding verzlunarstaðar við Reykjatanga*, undirskr. af konungi 24. nóv. 1893 (A. nr. 40, bls. 158; þýðing bls. 159).

*Lög um löggilding verzlunarstaðar á Búðum í Fáskrúðsfirði*, undirskr. af konungi 24. nóv. 1893 (A. nr. 41. bls. 160; þýðing á bls. 161).

*Lög um löggilding verzlunarstaðar við Vogavík*, undirskr. af konungi 24. nóv. 1893 (A. nr. 42, bls. 162; þýðing á bls 163).

*Opið brjef, er stefnir alþingi til aukafundar 1. ágúst 1894*, undirskr. af konungi 15. desbr. 1893 (A. nr. 43, bls. 164—165).

*Konungleg auglýsing til Íslendinga* viðvíkjandi ávarpi frá neðri deild alþingis o. fl., undirskr. af konungi 15. desbr. 1893 (A. nr. 44, bls. 166—169).

**Brjef landshöfðingja** *til bæjarfógetans á Ísafirði* **um lántöku handa bæjarfjelagi til sjúkrahússtofnunar**. (Ágrip). — Með brjefi þessu var veitt leyfi til að taka handa bæjarsjóði Ísafjarðarkaupstaðar 3000 kr. lán, er ávaxtist með 4% p. a. og endurborgist á 20 árum, til þess að bæjarfjelagið leggi upphæð þess fram til sjúkrahússtofnunar á Ísafirði. 1 4. jan.

10. dag febrúarán. 1894.

Reykjavík. Ísafoldarprentsmiðja 1894.